

Námsvísir 2023-2024

9. bekkur

Námsgrein: Náttúrufræði

Kennari: Ingunn Alexandersdóttir



Gleði – Samvinna - Sjálfstæði

Markmið

Að nemendur öðlast þekkingu á algengum hugtökum og heitum í náttúrugreinum. Lesið texta um náttúrufræði bæði sér til gagns og til upplýsingaöflunar á ensku og íslensku. Útskýrt hlutverk helstu líffæra og líffærakerfa mannlíkamans, gerðir frumna og líffæri þeirra og starfsemi. Útskýrt hvernig einstaklingurinn getur stuðlað að eigin velferð með ábyrgri neyslu og hegðun.

Kennsluaðferð / vinnulag

Kennt verður í 4ra vikna lotum. 9 lotur í heild. Í hverri lotu er gefin út námsáætlun sem er skipulögð út frá þeim hæfniviðmiðum sem verið er að vinna með að hverju sinni.

Innlögn námsefna fer fram í formi fyrilestra og með umræðutímum. Síðan leysa nemendur verkefni tengt námsefninu.

Námsmat

Námsmat er byggt á lykilhæfni og hæfniviðmiðum aðalnámskrár fyrir náttúrufræði.

Stuðst verður við leiðsagnarmat þar sem nemendur fá endurgjöf fyrir vinnuna sína í lok hverrar lotu.

Sjá lykilhæfni aðanámskrá hér: <https://adalnamskra.is/greinar/lykilhaefni>

Sjá hæfniviðmið í náttúrufræði í aðanámskrá hér: <https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-22>

Námsgögn

Unnið verður með bókina Mannlíkaminn (litróf náttúrunnar) og Efnisheimurinn. Ásamt öðrum gögnum frá kennara.

Inn á milli mun kennari taka fyrir viðfangsefni tengt náttúrufræðinni sem eru áberandi í fjölmiðlum og/eða umræðunni hverju sinni.